



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2012

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar (frítekjumark lífeyris). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 573 - 454. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að snúa við þeim breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með lögum nr. 70/2009, á þann hátt að réttarstaða hlutaðeigandi aðila verði sú sama og hún var fyrir þær breytingar.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur hana tímabæra í ljósi stöðu þess hóps í þjóðfélaginu sem breytingarnar varða. Ísland er aðili að ýmsum alþjóðlegum samningum sem hafa það að markmiði að vernda borgarana og tryggja þeim viðunandi lífsskilyrði og afkomu. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er að finna ákvæði sem skylda aðildarríkin til þess að viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífellt batnandi lífsskilyrða. Aðildarríkin skulu svo gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að þessum rétti verði framfylgt. Í félagsmálasáttmála Evrópu er einnig að finna svipað ákvæði í 13. og 14. gr. Ljóst er af þessu að Ísland er skuldbundið til þess að veita borgurum sínum slík réttindi og vernd og telur MRSÍ þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu vera jákvætt skref í áttina að því að tryggja þeim sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu mannsæmandi líf.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur